

9. gr.

Fyrir endurrit eða ljósrit, er einstakir menn biðja um úr embættisbókum og skjalasöfnum, skal greiða ritlaun:

Fyrir vélritaða síðu kr. 200

Hluti úr síðu telst heil síða.

Lægstu ritlaun eru kr. 400.

Í ritlaunum er innifalið staðfestingargjald, nema af dómsgerðum og notarial-staðfestingum.

Þegar endurrit dómsskjala eru felld inn í dómsgerðir, skal greiða samlestrar-gjald, kr. 50 af hverri síðu.

10. gr.

Innheimtu gjalda samkvæmt reglugerð þessari hafa á hendi sýslumenn og bæjarfógetar og hliðstaðir embættismenn, svo og fjármálaráðuneytið.

11. gr.

Þegar innheimtumaður afgreiðir skjal, sem gjald er fyrir að gefa út eða rita á, ber honum að rita hið greidda gjald á skjalið.

Gjald fyrir embættisgerð skal skrá í gerðabók er gerð lýkur.

Ef gjald fyrir eða samkvæmt embættisgerð er eigi skráð í aukatekjubók sam-timis og gerðin fer fram, skal innheimtumaður skrá í gerðabókina, hvenær gjaldið er innfært í aukatekjubók.

12. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í lögum um aukatekjur ríkis-sjóðs nr. 79 23. desember 1975, öðlast gildi 21. janúar 1978, jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 532 23. desember 1975 svo og reglugerðir nr. 56/1976, nr. 326/1976 og nr. 376/1976 um breytingar á þeirri reglugerð.

Fjármálaráðuneytið, 11. janúar 1978.

Matthías Á. Mathiesen.

Höskuldur Jónsson.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 427 9. desember 1977, um bann við togveiðum á utanverðu Strandagrunni.

1. gr.

Í stað orðanna „Til 15. janúar 1978“ í 1. gr. reglugerðarinnar komi orðin: Þangað til öðruvísi verður ákveðið.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast þegar gildi og birtast til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytið, 13. janúar 1978.

F. h. r.

Jón L. Arnalds.

Jón B. Jónasson.